

Tinova Traditional Primer Exterior

Terpentínupynnalegur trégrunnur

Efnislýsing

Tinova Traditional Primer Exterior er terpentínupynnalegur alkýðolíugrunnur ætlaður á við utanhúss. Hann smýgur vel inn í viðinn og hefur góða viðloðun við bæði nýjan og málaðan við. Tinova Traditional Primer Exterior hindrar rakaupptöku í viði.

Meðhöndlun

Undirlagið skal vera hreint og þurr (mest 16% raki í viði).

Nýmálun

1. Gegndreypið alla fleti sem mála skal með Tinova Wood Base Oil og þá sérlega vel gljúpa fleti eins og endatré.
2. Grunnið alla fletina með Tinova Traditional Primer Exterior.
3. Málið tvær umferðir með þekjandi viðarvörn frá Nordsjö.

Yfirmálun

1. Þvoið allan flötinn með Original Málartvätt og vatni. Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með Original Hustvätt. Skolið vel á eftir með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er.
2. Öll gömul og laus málning skal fjarlægð. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun. Gráma og fúa í viði skal þússa niður uns komið er niður í eðlilegan viðarlit.
3. Ber viður skal gegndreyptur með Tinova Wood Base Oil. Síðan er hann grunnaður með Tinova Traditional Primer Exterior. Ef fletir eru í slæmu ástandi skal grunna með Tinova Primer Exterior. Framangreint (liður þrjú) gildir ekki ef áætlað er að ljúka málun með Tinova VX 2 in 1 Exterior.
4. Málið yfir tvær umferðir með þekjandi viðarvörn frá Nordsjö.

Annað

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun næstu klukkustundirnar eftir lok verks.

Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni vel eftir notkun. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella olíuleifum í niðurföll. Tónum umbúðum og efnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Umbreytt alkýðolía

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 6 klst.

Yfirmálun: 16 klst.

Hiti við málun: Minnst +5°C, mest +25°C

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Hreinsuð terpentína

Verkfæri: Penslar, rúllur

Þekja: 4-8 fermetrar pr. lítra

Litur: Hvítur

Pakkningar: 1 og 5 lítra dósir

Hreinsun: Hreinsuð terpentína

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/d) 300 g/l.):

Inniheldur mest 299 g/l.

Þessi gildi eiga við hvítan lit. Önnur gildi geta átt við aðra liti.

Umhverfi

Tinova Traditional Primer Exterior er merkt FSC, sem vottar um samstarf og aðild að stjórnun skóga með sjálfbærum hætti.

